

Fréttatilkynning

Kvennalistinn hefur lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um fæðingarorlof, svo og á lögum um almannatryggingar, sem lúta að greiðslum í fæðingarorlofi. Frumvörpin voru áður flutt veturinn 1990 - 1991.

Í frumvörpunum er kveðið á um eftirfarandi breytingar:

- * Fæðingarorlof verði lengt um þrjá mánuði eftir fæðingu, þ.e. úr 6 í 9 mánuði.
- * Öllum mæðrum sé tryggður réttur til eins mánaðar hvíldartíma fyrir fæðingu.
- * Fleirburamæðrum sé tryggður réttur til tveggja mánaða hvíldartíma fyrir fæðingu og þriggja mánaða að auki eftir fæðingu.
- * Fæðingarorlof til ættleiðandi foreldra, uppeldis- eða fósturforeldra, lengist í áföngum til jafns við fæðingarorlof annarra foreldra.
- * Eftir þrjá mánuði í fæðingarorlofi verði foreldrum heimilt að dreifa greiðslum fæðingarorlofs og lengja þannig orlofstímann.

Lagt er til, að lenging fæðingarorlofs taki gildi í áföngum, það lengist strax um einn mánuð og því næst um einn mánuð á ári. Fæðingarorlof verði þannig orðið níu mánuðir eftir fæðingu árið 1996, ef frumvörpin verða samþykkt á þessu ári.

Ef marka má umræðuna í þjóðfélaginu um þessar mundir, er víðtækur stuðningur við þær breytingar sem hér eru lagðar til.

Markmið þessara lagabreytinga er að tryggja velferð barna og foreldra þeirra og gera foreldrum kleift að annast börn sín á fyrstu mánuðum ævi þeirra. Með því er unnt að treysta innbyrðis tengsl fjölskyldunnar og styrkja hana á þýðingarmiklu og viðkvæmu skeiði.

Að öðru leyti vísast til greinargerða í meðfylgjandi þingmálum.